

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 158 25. nóv. 1948.**

1. gr.

13. grein orðist svo:

Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð kr. 2% — tvo af hundraði — og kr. 240.00 gjald af hverri íbúð, þó skal lágmarksvatnsskattur vera kr. 400.00.

2. gr.

14. gr. um gróðurhús, orðist svo:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 3.00 fyrir hvern fermetra. Aftan við 14. gr. skal bætast við:

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

16. grein orðist svo:

Heimilt er hreppsnefndinni fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% — fimmtíu af hundraði —.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 213 31. des. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júlí 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

31. júlí.

Nr. 144.

G J A L D S K R Á
fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.80 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 15.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.30 á ári af hverjum fermetra.